



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
101 Reykjavík, Ísland

Tel. +354 591 1000

Fax. +354 591 0010

umhverfstofnun@ust.is

ust.is/umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2005

Tilvísun: UST20050100085/tb


Efni: Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 7. janúar sl., þar sem Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um að viðhald á Hvammavegi, Aðaldælahreppi, skuli ekki fara í mat á umhverfisáhrifum en vegurinn er að hluta til innan friðlýsta svæðisins við Laxá, sbr. lög nr. 97/2004. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var tekin án þess að leitað væri umsagnar hjá Umhverfisstofnun en sbr. 3. gr. framangreindra laga er Umhverfisstofnun leyfisveitandi á hluta af því svæði sem viðhald á Hvammavegi fer fram. Í 6. gr. laga nr. 106/2000 segir: „Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 3. viðauka við lög þessi. **Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitenda**, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni.“

Umhverfisstofnun telur að Skipulagsstofnun hafi, með því að taka ákvörðun um matsskyldu Hvammavegar án þess að leita álits Umhverfisstofnunar, litið framhjá þeim viðmiðum sem Umhverfisstofnun kunnir að hafa lagt til grundvallar við álit sitt á framangreindri ákvörðun. Umhverfisstofnun vill taka fram að í þessu tilfelli kemur ákvörðun Skipulagsstofnunar ekki að sök þar sem Umhverfisstofnun kemst að sömu niðurstöðu. Umhverfisstofnun telur það hins vegar ekki ásættanlegt þegar um friðlýst svæði er að ræða og stofnunin er leyfisveitandi að ákvörðun um matsskyldu sé ekki í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000.

Virðingarfyllt


Trausti Baldursson


Árni Bragason